

M-saga

_____ var búin að hlakka mikið til vegna þess að þennan dag átti hún að byrja í hljómsveit í leikskólanum. Allir krakkarnir á hennar stofu áttu að fá hljóðfæri og svo áttu þau að æfa sig í að spila á þau.

_____ hafði fengið að velja daginn áður hvaða hljóðfæri hún vildi spila á, og hún hafði valið _____.

En þegar að því kom að fara að sækja hljóðfærin og spila á þau, fundust þau hvergi. Allir leituðu út um allan leikskólann, en það voru engin merki um þau neins staðar.

_____ var náttúrulega mjög vonsvikin. Gat einhver þjófur hafa stolið þeim? Eða hafði ræstingafólkið bara sett þau á einhvern óvenjulegan stað? Eða var kannski eitthvað ennþá skrýtnara á seyði?

Þegar hún kom heim heyrði hún í útvarpinu að það væru öll hljóðfæri í landinu sem væru horfin. Þá var hún viss um að hún þekkti skýringuna og reyndi að segja pabba og mömmu frá því sem hún vissi.

”Pabbi! Mamma! Ég veit hver tók öll hljóðfærin!”

”Nú?” sögðu þau áhugasöm. ”Hver er það?”

”Það er vondi galdrakarlinn!” svaraði _____. ”Hann er alltaf að hrekkja okkur”.

”En elsku _____ min, það eru ekki til neinir alvöru galdrakarlar,” svöruðu þau. ”Það hlýtur að vera einhver önnur skýring.” Og sama hvað _____ reyndi að segja tókst henni ekki að sannfæra þau.

Um kvöldið tók hún ákvörðun. Hún ætlaði að fara sjálf og finna galdrakarlinn til að fá hann til að skila hljóðfærunum. En hún gat ekki hugsað sér að fara ein, svo að hún talaði við hundinn sinn, sem hét _____. Þó að _____ gæti náttúrulega ekki talað, var _____ alveg sannfærð um að hann skildi allt sem sagt var við hann.

”_____,” sagði hún, ”viltu koma með mér í hættulega sendiför í fyrramálið?” _____ varð mjög glöð, þegar _____ leit á hana og kinkaði kolli. Snemma um næsta morgun vakti _____ hana og þau læddust hljóðlega út úr húsinu, löngu áður en mamma og pabbi vöknudu.

_____ og _____ gengu nú lengi, lengi. Þau gengu um götur, yfir fjöll og gegnum mikinn skóg. Að lokum komu þau niður að ströndinni. Allt í einu fór _____ að þefa út í loftið, gelta og hlaupa æstur fram og til baka.

_____ skildi strax að _____ vildi að hún elti hann. Þau hlupu niður í litla vík. Þar var falleg kona sem lá í flæðarmálinu – nei annars, þetta var ekki kona, heldur hafmeyja! Hún benti henni að koma, og _____ nálgadist hana varlega.

”Geturðu hjálpað mér?” hvíslaði hún. Hún var greinilega mjög hás.

”Já, auðvitað vil ég hjálpa þér,” sagði _____.

”Ég heiti Hafdís og ég er hafmeyja,” hvíslaði hafmeyjan. ”Ég á að syngja á hljómleikum fyrir

konung hafsins á morgun, en ég er svo hás, að ég get ekki sungið. Það eina sem getur læknað hálsbólguna mína er hóstasaft sem er búin til úr holtasóleyjum.”

”Ég get hjálpað þér!” sagði _____ ákaf. ”Ég sá einmitt holtasóleyjar rétt áðan uppi á þessum hól þarna.” Og fyrir en varði var _____ búin að sækja stóran vönd af holtasóleyjum og gefa hafmeyni.

Hafdís þakkaði kærlega fyrir sig. Svo rétti hún _____ poka. Hún var undrandi að finna, að pokinn var alveg þurr þótt hafmeyjan hefði tekið hann beint upp úr sjónum.

”Þetta er galdrapoki,” sagði Hafdís. ”Þú getur tekið upp úr honum hvað sem þú þarft á að halda. En þú getur bara notað hann tíu sinnum, svo að þú verður að nota hann vel.”

_____ þakkaði fyrir sig, kvaddi Hafdísi hafmeyju, og hún og _____ héldu ferð sinni áfram. Innan skamms voru þau komnir að kastala galdrakarlsins.

_____ herti upp hugann og bankaði að dyrum.

Galdrakarlinn kom út og hreytti út úr sér:

”Hver ert þú og hvað viltu?”

_____ varð reið yfir því hvað galdrakarlinn var dónalegur, en sagði hátt og skýrt: ”Ég heiti _____ og ég er hér til að fá þig til að skila aftur öllum hljóðfærunum sem þú hefur stolið.”

”Ha, ha, ha,” hló galdrakarlinn. ”Svo að þér tókst að reikna út að það væri mér að kenna að

hljóðfærin væru horfin. Jæja, allt í lagi, en þá verðurðu að leysa fyrir mig þraut.”

”Hvaða þraut er það?” spurði _____.

”Af því að nafnið þitt byrjar á H verðurðu að láta mig fá 10 hluti sem byrja á H,” byrjaði galdrakarlinn. _____ kinkaði kolli. Þetta yrði sko auðvelt – hún var með galdrapokann. Hún teygði höndina niður í pokann og tók upp fyrsta hlutinn...

(Barnið tekur tíu hluti upp úr pokanum, segir hvað þeir heita og leggur þá á borðið. Galdrakarlinn verður sífellt reiðari).

”Jæja þá,” sagði galdrakarlinn hryssingslega. ”Þú ert búinn með fyrri hlutann af þrautinni. Núna kemur seinni hlutinn. Þú heyrir í hljóðfærunum og þú átt að segja mér hvað þau heita. Ef þú segir rétt hljóðfæri skila ég því aftur. Annars loka ég þig inni í kastalanum mínum! Ha, ha, ha!”

_____ varð nú svolítið smeyk. Þetta var mikli erfiðara en bara að afhenda hlutina tíu. Hvað ef hún þekkti ekki hljóðfærin? En svo herti hún upp hugann. Kannski gæti _____ hjálpað henni – hundar hafa svo góða heyrn.

(Kennarinn spilar eitt hljóðdæmi í einu af geisladisknum og börnin segja hvaða hljóðfæri um var að ræða)

Þegar _____ var búin að nefna öll hljóðfærin, snerist galdrakarlinn hljóður á hæl, strunsaði aftur inn í kastalann og skellti hurðinni á eftir sér. Og _____ og _____ héldu heimleiðis glöð í bragði.